

Alþingi

Erindi nr. P 127/5

komudagur 26.10.2001



Grundartangi
301 Akranes
Sími 430 1000
Fax 430 1001
Netfang nordural@nordural.is

Dags: 25. october 2001

Fj. bls: 2

Til:

Alþingi

Efnahags- og viðskiptanefnd

b.t. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur

Frá:

Ragnar Guðmundsson

Netfang : ragnar@nordural.is

Fax : 563 0430

Efni: Ábending vegna 114. máls, frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981

Norðurál hf. leyfir sér hér með að benda efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis á atriði sem virðast varða hagsmunum félagsins og starfsmanna þess.

Annars vegar viljum við benda á að í frumvarpinu virðist ekki gert ráð fyrir að fólk eigi fjálfst val um að skipuleggja framlag í séreignasjóði þannig fara á eftirlaun fyrr en við 67 ára aldur. Hins vegar viljum við benda á að frumvarpið leggur miklar byrðar á hendur þeim sem vilja leggja meira fyrir til seinni tíma en sem nemur því lágmarki sem lög krefjast.

Samkvæmt kjarasamningi Norðuráls hf. við 6 verkalýðsfélög er kveðið á um að allir starfsmenn fari á eftirlaun við 62 ára aldur. Með þessum samningi er kveðið á um sérstakar greiðslur starfsmanna og fyrirtækis í séreignasjóð og er markmiðið að starfsmenn geti lifað af inneign á séreignarreikning frá starfslokum til 67 ára aldurs þegar almennir lífeyrissjóðir taka við. Stærstur hluti starfsmanna fær greidd laun samkvæmt kjarasamningi en þó er nokkur hópur sérfræðinga og stjórnenda utan stéttarféлага. Okkur er ekki ljóst af orðalagi frumvarpsins hvort setningin "Hafi í kjarasamningum verið samið um iðgjald í lífeyrissjóð eða til aðila skv. 3. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða eða það bundið í lögum skal það aldrei teljast til skattskyldra tekna." taki fullnægjandi tillit til aðila sem kjósa starfslok fyrir 67 ára aldur. Kjarasamningur Norðuráls hf. var undirritaður í janúar 1998 og var meðal annars byggður á lögum nr. 129/1997.

Í þessu sambandi má benda á ákvæði laga nr. 129/1997 um að lífeyri skuli greiða út á 7 árum að lágmarki veldur nokkrum vandræðum, til dæmis ef 62 ára maður vill fara á eftirlaun og nýta séreignarsparnað þar til sameignarsjóður tekur við allt að fimm árum síðar. Lög nr. 129/1997 hvetja að okkar mati til aukins sparnaðar en okkur virðast breytingarnar sem gerðar voru með lögum nr. 86/2000 og þær sem nú eru lagðar til ganga í aðra átt og leiða jafnvel til tvísköttunar sömu fjármuna.

Það er að okkar mati mjög kostnaðarsamt að afla upplýsinga um hvort áður áunnin lífeyrisréttindi og framtíðarlífeyrisréttindi skapi réttindi til greiðslu ellilífeyris umfram þau meðallaun sem greitt hefur verið af síðustu fimm ár miðað við ellilífeyrir sé tekinn með jöfnum greiðslum frá 67 ára aldri. Til þess að þetta sé hægt þurfa fyrirtæki að fá upplýsingar frá öllum lífeyrissjóðum og séreignasjóðum á landinu um réttindi hvers einstaks starfsmanns og kanna jafnframt sérstaklega og með reglubundnum hætti hverjar eru meðaltekjur allra eða hluta starfsmanna, væntanlega að minnsta kosti einu sinni á ári, frá öllum lífeyrissjóðum og séreignasjóðum á landinu, og ef rétt á að vera erlendis líka, um ókomna tíð. Að okkar mati er hér um verulega mikla vinnu að ræða fyrir fyrirtæki, endurskoðendur, lífeyrissjóði og skattayfirvöld því svo virðist sem verið sé að leggja til kerfi þar sem ekki verður skýrt nema með mjög umfangsmikilli gagnaöflun og útreikningun hvað telst til rekstrarkostnaðar hjá fyrirtækjum. Í þeim tilfellum þar sem starfsmenn kunna að eiga réttindi erlendis eru líkur á því að ekki fáiast fullvissa um rekstrarkostnað fyrirtækja. Sérstaklega verður að benda á að fólk sem er að hækka í launum, til dæmis yngra fólk, sem annað hvort kemur úr skóla eða er að vaxa og eflast í starfi, á nánast engan kost á séreignasparnaði samkvæmt frumvarpinu því litið er til meðaltekna í fortíð við mat á því hversu mikill sparnaður er leyfður af skattayfirvöldum.

Nauðsynlegt er að okkar mati að skýrt sé hvað telst til frádráttarbærs kostnaðar í rekstri fyrirtækja svo hægt sé að færa bókhald með skilvirkum hætti. Einnig er að okkar mati nauðsynlegt að fólk geti skipulagt lífeyrissparnað með þeim hætti að það eigi kost á starfslökum fyrir 67 ára aldur, enda sé tryggt að viðkomandi hafi viðunandi viðurværi þar til sameignarsjóðir taka við og greiði tekjuskatt af allri fjárhæð lífeyristekna við móttöku þeirra.

Virðingarfyllst
f.h. Norðurláls hf.



Ragnar Guðmundsson
frankvæmdastjóri fjármála- og stjórnunarsviðs